



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Fyrir þúsund árum kom íslenska kvenhetjan Guðríður Þorbjarnardóttir til Rómar og flutti fréttir af nýju meginlandi vestan hafsins. Hún var fyrsta manneskjan í sögu veraldar til að sækja heim bæði Róm og Ameríku, merkasti kvenlandkönnuður allra tíma – á ferðinni um 500 árum á undan Kristóferi Kólombusi.

Ísland hefur löngum fóstorað kjarnakonur og enn á ný leggja þær land undir fót. Úrvalssveit úr fremstu kvennakórum Íslands mun syngja í Péturskirkjunni í Róm og heiðra þannig þúsund ára sögu kristni og menningar sem tengir okkur saman.

Stjórnandi kórsins Margrét J. Pálmadóttir er verðugur arftaki kvenskörungsins sem fyrst allra leit bæði Róm og Ameríku því hún hefur svo sannarlega verið landnámskona í tónlistarlífi okkar og kórstarfi. Margrét hefur rutt nýjar brautir, klætt gömul verk í ferskan búning og unnið kraftakverk á mörgum sviðum. Hún hefur stofnað fjölda kóra, þjálfað þá og agað og gert kvennasöng að áhrifaríkri listgrein – söng sem gefur tónlistinni nýjar víddir.

Í rauninni er Margrét J. Pálmadóttir orðin sérstök menningarstofnun og við erum svo lánsöm að hún hefur helgað íslenskri listsköpun krafta sína. Nú er hún heiðruð með sérstöku boði til Rómar og við óskum henni og kórfélögum til hamingju.

Þegar konur úr þremur íslenskum kórum – Vox Feminae, Gospelsystrum Reykjavíkur og Domus Vox – hefja söng sinn í Róm flytja raddirnar kveðjur frá eyjunni í norðri þar sem Almættið er enn að skapa nýja veröld, þar sem kraftar náttúrunnar og hljómfall síbreytilegra birtu færa okkur á hverjum degi undraheim.

Ólafur Ragnar Grímsson
forseti Íslands
(sign)